



Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varða

Dags.: 15. nóvember 2022

Sendandi: Sigurður Á. Snævarr

Málsnr.: 2206017SA
Málalýkill: 01.21

Efni: Ný spá Hagstofu og forsendur

Sambandið sendi frá sér minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026 í ágúst sl. Minnisblaðið byggði að verulegu leyti á spá Hagstofu Íslands um efnahagsþróun til næstu ára sem stofnunin birti í lok júní sl. Fjárhagsáætlarnir sveitarfélaga fyrir árin 2023 til 2026 hafa verið lagðar fram í sveitarstjórnnum. Forsendur flestra byggja á júní spá Hagstofu og ljóst að gera þarf breytingar á þeim milli umræðna.

Í minnisblaðinu kom fram að Hagstofa myndi birta nýja spá í vetrarbyrjun og sambandið myndi í kjölfarið senda út stutt minnisblað um spána og fleira. Frá því spáin var gefin út hafa efnahagsforsendur breyst nokkuð. Hagstofa gaf út nýja spá 11. nóvember sl. Þar er fyrst og fremst um að ræða mun meiri verðbólgu í ár og á næstu árum en júní spáin sagði til um. Ný spá Hagstofu um helstu þætti efnahagsmála eru sýnd í eftirfarandi töflu, til samanburðar eru niðurstöður júníspár í sviga.

Spá Hagstofu um þróun efnahagsmála 2022-2026

	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	7,6 (4,3)	1,7 (2,6)	2,2 (2,4)	2,6 (2,8)	2,6 (2,8)
Samneysla	1,5 (1,3)	0,9 (1,5)	1,3 (1,3)	0,8 (0,8)	0,7 (0,7)
Fjármunamyndun	5,8 (4,6)	1,8 (0,9)	3,7 (1,9)	2 (1,9)	2,2 (2,8)
Atvinnuvegafjárfesting	9,6 (5,5)	-1,1 (-2,5)	4,1 (2,3)	0,7 (0,6)	2,2 (3,6)
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	5,4 (6,3)	12,9 (10,3)	5,3 (4,3)	3,9 (3,5)	3,5 (3,0)
Fjárfesting hins opinbera	-4,8 (-0,7)	-3,8 (-1,1)	-0,4 (-3,4)	3,4 (3,4)	0,0 (-0,1)
Þjóðarútgjöld, alls	5,6 (4,0)	1,6 (2,0)	2,3 (2,0)	2,0 (2,1)	2,0 (2,2)
Útflutningur vöru og þjónustu	19,1 (17,6)	3,7 (6,3)	3,6 (3,9)	3,2 (2,9)	3,0 (2,5)
Innflutningur vöru og þjónustu	16,9 (14,3)	3,2 (4,1)	3,2 (3,3)	2,1 (2,0)	2,3 (2,1)
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	6,2 (5,1)	1,8 (2,9)	2,5 (2,2)	2,5 (2,5)	2,4 (2,4)
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8 (3,8)	3,9 (3,7)	4,0 (3,8)	4,0 (3,9)	4,0 (3,9)
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	8,2 (7,5)	5,6 (4,9)	3,5 (3,3)	2,6 (2,6)	2,5 (2,5)
Kaupmáttur launa	-0,4 (0,3)	0,3 (0,6)	0,7 (0,9)	1,5 (1,6)	1,7 (1,6)
Launavísitala	7,8 (7,8)	5,9 (5,5)	4,2 (4,2)	4,1 (4,2)	4,2 (4,1)

- Einkaneysla mun aukast að mati Hagstofu mun meiri í ár en hún spáði í júní. Þá verður og vöxtur innflutnings mun meiri. Hagvöxtur verður einnig ívið meiri eða 6,2% í stað 5,1% í fyrri spá.

Verðbólga í ár telur Hagstofa að verði 8,2% í stað 7,5% sem felur í sér að kaupmáttur launa muni lækka.

- Á næsta ári er horfur á að hagvöxtur verði minni en áður var spáð, eða 1,8% í stað 2,9%. Mestu munar þar að úr vexti útflutnings vöru og þjónustu mun draga, verði 3,7% samanborið við 19,1% árið 2022. Hér skiptir auðvitað mestu vöxtur ferðaþjónustu.

Hagstofa spáir að verðbólga á næsta ári verði 5,6% í stað 4,9% í júnispánni. Spáin um launavísitölu er einnig hækkuð, úr 5,5% í 5,9%. Atvinnuleysi telur stofnunin að verði ívið meiri en fyrri spá sagði til um.

Í minnisblaði sambandsins frá því í sumar var vísað til áætlana fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að útsvarsstofn myndi hækka um 7,6% frá 2022 til 2023 og um 5,9% frá 2023 til 2024. Þessar áætlanir hafa ekki verið uppfærðar. Á móti meiri hækkun launavísitölu vegur meira atvinnuleysi að nokkru. Gera má þannig ráð fyrir að hækkun útsvarsstofn verði lítillega meiri en áður var reiknað með.

Spá Hagstofu er mjög í hátt við þær spár sem birtar hafa verið á undanförunum vikum og mánuðum, eins og fram kemur í töflum í viðauka.

SÁS

Hagvöxtur, %	2021	2022	2023	2024	2025 Spá birt
Hagstofa	4,3	6,2	1,8	2,5	2,5 11.11.22
Íslandsbanki	4,3	7,3	2,2	2,4	26.09.22
Landsbanki	4,3	6,5	2,1	3,0	1,9 19.10.22
Seðlabanki	4,3	5,9	1,9	2,3	4.05.22
Meðaltal	4,3	6,5	2,0	2,6	

Launavísitala, % br. f.f. ári	2021	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	8,3	7,8	5,9	4,2	4,1
Íslandsbanki	8,3	7,6	7,4	6,5	
Landsbanki	8,3	7,6	7,1	6,4	5,0
Seðlabanki					
Meðaltal	8,3	7,7	6,8	5,7	

Verðbólga, %	2021	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	4,4	8,2	5,6	3,5	2,6
Íslandsbanki	4,4	8,1	6,3	3,9	
Landsbanki	4,4	8,1	6,5	4,4	3,5
Seðlabanki	4,4	8,8	6,7	3,4	
Meðaltal	4,4	8,3	6,3	3,8	

Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2021	2022	2023	2024	2025	
Hagstofa	6,0	3,8	3,9	4,0	4,0	VMK
Íslandsbanki	7,7	3,8	3,2	3,6		Skráð
Landsbanki	7,7	3,8	3,2	3,3	3,4	Skráð
Seðlabanki	6,0	3,8	4,1	4,2		VMK
Seðlabanki	7,7	3,8	3,9	4,1		Skráð
Meðaltal	6,0	3,8	4,0	4,1		VMK
Meðaltal	7,7	3,8	3,4	3,7		Skráð

Ferðamenn, þús.	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	700	1.700	1.950	
Íslandsbanki	700	1.700	2.000	2.200
Landsbanki	700	1.700	1.900	2.300
Meðaltal	700	1.700	1.950	2.250

Kaupmáttur launa, % br. f.f. ári	2021	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	3,7	-0,4	0,3	0,7	1,5
Íslandsbanki	3,7	-0,6	1,0	2,5	
Landsbanki	3,7	-0,4	0,5	1,9	1,3
Meðaltal	3,7	-0,5	0,6	1,7	1,4

Húsnæðisverð, %	2021	2022	2023	2024	2025
Íslandsbanki	15,9	19,1	3,2	3,3	
Landsbanki	15,9	22,0	5,0	4,0	5,0
Meðaltal	15,9	20,6	4,1	3,7	